

3.3.3 Fjallabaksvegur nyrðri:

Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 77) hjá Búlandi (116 km).

3.3.4 Sprengisandsleið:

Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (E 16) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (213 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 24) hjá Mýri í Bárðardal (65 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptypingum, um Hvannalindir austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg efri (F 11) hjá Brú á Jökuldal (222 km).

Samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1969.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem tilheyrir hefur samningssvæði varnarliðsins, en varnarliðið afsalaði 28. marz 1968.

2. gr.

Landssvæði það, sem hér um ræðir, takmarkast af línu, sem dregin er úr Hellunefi í Keflavíkurborg, þaðan í punkt 49 metra í vestur frá eldri vatnstank skv. mælingu Ágústs Böðvarssonar, dags. 29. júlí 1950, unz sú lína sker mörk lands Njarðvíkurbænda, og fylgir henni síðan til norðurs og takmarkast úr því af mörkum lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, eins og þau eru tilgreind í lögum nr. 51/1966.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Keflavíkurkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Keflavíkurkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.